

grein fyrir sér hér við land, og fluttu þeir þá í land 2 kassa með 12 fl. í hvorum af whisky, er þeir skiptu á milli sín, og seldi ákærður 7 af flöskum þessum fyrir 100 krónur, fyrir milligöngu bróður síns, fyrrnefnds Hans Adolfs Helgasonar, er fyrir það fékk 1 fl. af áfengi þessu, afganginn kveðst ákærður hafa drukkið og gefið öðrum.

Samkvæmt því, er framan greinir, virðist ákærður hafa gerzt brotlegur gegn 231. gr., 4. lið hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 298. gr. sömu laga, svo og gegn áfengis- og sóttvarnarlögnum og þykir hegning sú, er hann hefir tilunnið vegna þessa, eftir atvikum, hæfilega ákveðin 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, og loks í skaðabætur til þurraðarmanns Odds Pálssonar, Klapparstíg 12 í Keflavík, kr. 28,00, er hann hefir gert kröfu til, en um aðrar skaðabætur hefir eigi verið krafizt í málinu, eða undir rannsókn þess.

Það vottast, að með tilliti til stöðugra embættisanna dómarans á öðrum sviðum, hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið á málinu.

Miðvikudaginn 17. okt. 1934.

Nr. 92/1934. **Pétur Magnússon** (Sjálfur)

gegn

Helga Guðmundssyni, Jóni Baldvinsyni og Jóni Ólafssyni, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f

(Theódór B. Línal).

Áfrýjandi eigi talinn hafa átt réttarkröfu til launahækkunar né fengið neitt bindandi loforð þar um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1934: Stefndir, bankastjórar Útvegsbanka Íslands h/f, fyrir bankans hönd, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Péturs Magnússonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Það er ekki gegn mótmælum stefndu, sannað, að til hafi verið ákveðnar reglur um flokkun og launakjör starfsmanna Íslandsbanka, þannig að hver einstakur starfsmaður hans kæmist þegar án nokkurrar sérstakrar ákvörðunar um hann undir breytingar á launaákvæðum ákveðins launaflokks, er hann kunni áður að hafa verið í. Það verður því ekki talið, að áfrýjandi hafi átt réttarkröfu til launahækkunar þeirrar, er hann telur þá samstarfsmenn sína, er til áramóta 1929—1930 voru í sama flokki sem hann, hafa orðið aðnjótandi frá 1. jan. 1930. Þetta sýnir og skýrsla áfrýjanda um samtal hans við fyrrv. bankastjóra Kristján Karls-son á tímabilinu frá lokun Íslandsbanka í febr. 1930 til 11. apríl s. á., þar sem segir, að téður banka- stjóri hafi þá veitt áfrýjanda ádrátt um það, að laun hans fyrir árið 1930 skyldu verða ákveðin, þegar bankinn yrði opnaður, og að áfrýjandi mundi þá að sjálfsögðu hljóta sömu laun, sem þeir starfs- menn bankans, er verið höfðu síðastliðið ár í sama launaflokki sem áfrýjandi, og hefir bankastjórinu staðfest það fyrir dómi, að þetta sé rétt eftir hon- um haft að efni til. Eftir þessu hefir áfrýjandi ekki heldur fengið neitt loforð, er Íslandsbanki væri bundinn við um launahækkun fyrir árið 1930. Á- frýjandi hefir því ekki ráðizt sem starfsmaður hjá Útvegsbanka Íslands h/f með öðrum launakjörum en hann hafði hjá Íslandsbanka árið 1929. Og með því að áfrýjandi hefir ekki heldur fengið neitt bind- andi loforð um launahækkun hjá hinum stefndu, þá verður að sýkna þá f. h. Útvegsbanka Íslands h/f af kröfum hans í þessu máli, eins og gert er í hin- um áfrýjaða dómi.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Helgi Guðmundsson, Jón Baldvinsson og Jón Ólafsson, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Péturs Magnússonar cand. theol., í máli þessu. Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. okt. s. l. af Pétri Magnússyni, cand. theol., hér í bæ gegn bankastjórum Útvegsbanka Íslands h/f, þeim Jóni Ólafssyni, Jóni Baldvinssyni og Helga Guðmundssyni, fyrir bankans hönd, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1955,97 með 5% ársvöxtum frá 5. jan. 1933 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að um áramótin 1929 og 1930 hafi farið fram allveruleg launahækkun hjá starfsmönnum Íslandsbanka, en hjá honum kveðst stefnandi þá hafa starfað um 7 ára skeið. Launahækkun þessi, sem stefnandi kveður hafa numið kr. 50,00 á mánuði hjá þeim starfsmönnum bankans, er verið hafi í sama launaflokki og hann, hafi þó ekki komið til framkvæmda á sér af þeim ástæðum, að hann hafi verið veikur 2 undanfarna mánuði og vafasamt hafi verið talið, að hann gæti heilsunnar vegna starfað áfram við bankann, og hafi þáverandi bankastjórar Íslandsbanka því ekki tekið ákvörðun um laun hans eins og annara starfsmanna bankans um áramótin. Tæpum mánuði síðar kveðst stefnandi þó hafa verið orðinn vinnufær og hafa tekið til starfa í bankanum, en daginn eftir hafi honum verið lokað. Nokkrum dögum síðar hafi hann svo átt tal við einn bankastjóranna, Kristján Karlsson, um laun sín, en launamál starfsmanna bankans hafi einkum heyrt

undir hann. Hafi bankastjóri þessi þá látið þess getið, að bankastjórnin hefði ekki enn ákveðið honum laun fyrir árið 1930, en hinsvegar hafi hann lofað því, að launin skyldu ákveðin þegar er bankinn yrði opnaður, ef hann ætti þá um þau mál að fjalla og jafnframt látið svo um mælt, að hann (stefnandi) myndi að sjálfsögðu hljóta sömu hækkun og þeir starfsmenn einhleypir, sem verið höfðu undanfarið í sama launaflokki. Nefndum bankastjóra hafi þó aldrei gefizt tækifæri til þess að uppfylla loforð sín í þessu efni, þar eð Íslandsbanki hafi verið lagður niður, en nýr banki, Útvegsbanki Íslands h/f, verið látinn taka við skyldum hans og skuldbindingum og undir annari bankastjórn. Hinn 11. apríl 1930 hafi einn bankastjóri við hinn nýja banka, stefndur Jón Baldvinsson, snúið sér til manna þeirra, sem starfað hafi hjá Íslandsbanka og beðið þá að starfa áfram við Útvegsbankann með sömu launakjörum og þeir hefðu áður notið hjá Íslandsbanka, og að sjálfsögðu hafi hann átt við þau laun, er starfsmenn bankans hafi verið ráðnir upp á árið 1930. En ráðningarkjör sín hjá bankanum telur stefnandi samkvæmt framansögðu hafa verið þau á þessum tíma, að hann hafi átt heimtingu á launum þeim, sem hann hafi haft við bankann árið 1929 að viðbætti launahækkun á við aðra starfsmenn í sama launastiga frá ársbyrjun 1930, samkvæmt tilgreindu loforði áðurnefnds bankastjóra Íslandsbanka. En laun þessi kveðst stefnandi ekki hafa fengið greidd hjá Útvegsbankanum, þrátt fyrir ákveðnar og ítrekaðar kröfur til bankastjórnarinnar í þá átt, heldur aðeins sömu mánaðarlaun og hann hafi haft árið 1929 yfir tímabilið frá 1. jan. 1930 til 1. sept. 1932 eða kr. 50,00 minna á mánuði en starfsmenn þeir aðrir, er áður hafi fengið greidd sömu laun og hann, og frá þeim tíma og allt fram til 1. febr. 1933, en þá hafi hann hætt störfum við bankann, hafi laun sín enn verið kr. 43,13 lægri á mánuði heldur en nefndra starfsmanna bankans. Stefnandi heldur því nú fram, að hann eigi heimtingu á því að fá umræddan launamismun, sem hinn 1. jan. 1933 hafi numið hinni umstefndu upphæð, greiddan hjá stefndum og þar sem þeir hafi reynzt algerlega áfáanlegir til þess að greiða upphæðina sé mál þetta höfðað.

Stefndir hafa mótmælt kröfum stefnanda og krafizt al-

gerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum. Byggja stefndir sýknukröfuna á því, að ráðningarkjör stefnanda hjá Íslandsbanka hafi enn verið þau sömu og árið 1929, hinn 11. apríl 1930, er hann réðst hjá Útvegsbankanum. Halda þeir því fram, að þó að nefndur bankastjóri Íslandsbanka, Kristján Karlsson, kunni að hafa gefið stefnanda ádrátt um launahækkun, þá hafi hann ekki gefið neitt endanlegt loforð í því efni, og þó svo hefði verið hefði slíkt loforð ekki verið bindandi fyrir bankann nema samþykki hinna bankastjóranna kæmi til, en því hafi ekki verið til að dreifa. Benda stefndir staðhæfingu sinni til stuðnings á það, að stefnandi hafi 4 fyrstu mánuði ársins 1930 fengið greidd sömu mánaðarlaun og fyrir áramótin og tekið við þeim og kvittað fyrir þau fyrirvaralaust. Telja stefndir því ótvírætt að stefnandi hafi 11. apríl 1930 ráðizt hjá Útvegsbankanum fyrir sama kaup og hann hafi notið hjá Íslandsbanka árið 1929, þeim ráðningarkjörum hans við bankann hafi ekki verið breytt siðar, og þar sem hann hafi jafnan fengið hið umsamda kaup greitt, hafi dómskröfur hans í máli þessu ekki við rök að styðjast.

Stefnandi hefir leitt 2 fyrrverandi bankastjóra Íslandsbanka, fyrrnefndan Kristján Karlsson svo og Eggert Claessen hrm, sem vitni í málinu. Hefir framburður Kristjáns við vitnaleiðsluna verið í samræmi við það, sem stefnandi hefir samkvæmt framansögðu haldið fram, að farið hafi þeirra á milli. En ekki verður meira lagt í framburð vitnis þessa en það, að vitnið persónulega myndi hafa orðið því fylgjandi, er til ákvörðunar um þetta efni kæmi, að stefnandi hækkaði í launum í samræmi við aðra starfsmenn bankans. Þá hefir vitnið Eggert Claessen borið, að að hans áliti myndi bankastjórnin hafa samþykkt gerðir með bankastjóra sins, nefnds Kristjáns, viðvíkjandi launakjörum stefnanda. En nú kemur ekki fram í málinu, enda er því jafnvel ekki haldið fram af stefnanda, að bankastjórn Íslandsbanka hafi nokkru sinni tekið endanlega ákvörðun um launakjör hans eftir 1. jan. 1930, en það virðist ótvírætt að gera hafi þurft um það sérstakan samning, ef launakjör stefnanda áttu að breytast frá því sem áður var. Þar sem ekki er upplýst að neinar ákveðnar reglur, sem skylt hefði verið að fylgja, hafi verið til um launakjör starfsmanna í bankanum. Þykir því verða að fallast á það

hjá stefndum, að launakjör stefnanda hjá Íslandsbanka, meðan hann starfaði á árinu 1930 hafi verið þau sömu og árið 1929 og með þeim launakjörum hafi stefnandi ráðizt hjá Útvegsbankanum, og þar sem ekki er heldur upplýst að nokkrar breytingar til hækkunar hafi orðið á þessum launakjörum hans síðar, ber að taka sýknukröfu stefndra til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 19. okt. 1934.

Nr. 66/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Hans Adolf Helgasyni

(Theódór B. Lindal).

Hegningarl. og bifreiðal. brot.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. febr. 1934: Hans Adolf Helgason, vinnumaður, til heimilis á Íshússtig 3 í Keflavík, sæti einföldu fangelsi í 4 mánuði. Hann greiði og 500 kr. í skaðabætur til bifreiðaeiganda, Steindórs Einarssonar í Reykjavík, innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, og ennfremur allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með bifreiðartöku þeirri, sem ákærði, er ekki hafði ökuleyfi og var þar að auki undir áhrifum áfengis, framdi aðfaranótt 24. marz 1933, hefir hann gerzt brotlegur við 238. gr. almennra hegningarlaga og við 1. og 4. málsg. 5. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931, og þykir refsing hans fyrir þessi brot hæfilega ákveðin eins mánaðar fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi. Þar á móti verða bætur fyrir skemmdir